

Ár 1986, miðvikudaginn 5. nóv. var í málinu nr. 7/1986 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Í máli þessu er ágreiningur/^{um}hvort Heilsuræktinni sé skylt að svara fasteignaskatti af fasteign sinni að Álfheimum 74 í Reykjavík. Í bréfi Heilsuræktarinnar frá 16. júní s.l. segir meðal annars:

"Heilsuræktin - sjálfseignarstofnun - ekki í einkaeign - leitar úrskurðar yfirfasteignamatsnefndar um gjaldskyldu Heilsuræktarinnar, sbr. 3 mgr. 4 gr. laga 73/1980.

Heilsuræktin starfrækir löggilta endurhæfingastöð á starfsleyfum frá Heilbrigðis- Trygginga- og Félagsmálaráðuneyti (hjál. fylgiskjöl).

Stöðin er ekki rekin í ágóðaskyni.

Heilsuræktin óskar eftir úrskurði um niðurfellingu fasteignagjalda.

Tekið skal fram að Heilsuræktin greiðir sjálf hlut öryrkja og aldraðra í lið 4. í gjaldskrá Tryggingarstofnunar ríkisins um endurhæfingu (Sjúkrasaml. Rvík) "hópmeðferð" eða 40% ásamt 80% baðkostnaðar og 100% hvíldaraðstöðu, eða það sem Reykjavíkurborg greiddi áður."

Reykjavíkurborg mótmælir því, að Heilsuræktin njóti undanþágu frá fasteignaskatti. Í bréfi borgarinnar frá 30. júní s.l. segir svo:

"Vísað er til bréfs yðar dags. 18. júní s.l. þar sem sent var til umsagnar erindi Heilsuræktarinnar, Álfheimum 74, hér í borg um niðurfellingu fasteignaskatts.

Eins og fram kemur í ljósritum bréfa, sem erindinu fylgdu, hefur Heilsuræktinni verið veitt leyfi til starfsrækslu endurhæfingarstöðvar. Hins vegar er slík stöð ekki rekin á vegum stofnunarinnar þar eð ekki hefur tekist að fá henni menntað starfslið, sem heilbrigðisyfirvöld gera kröfu til að starfi á slíkum stofnunum. A.m.k. var það staða málsins fyrir nokkrum vikum, þegar synjað var beiðni Heilsuræktarinnar um niðurfellingu fasteignaskatts.

Þar til Heilsuræktin fullnægir öllum skilyrðum hvað þetta snertir, verður litið á starfsemi hennar sem starfsemi hverrar annarrar líkamsræktaraðstöðu, en margir reka nú slíka aðstöðu hér í borg.

Forstöðumaður Heilsuræktarinnar hefur um margra ára skeið átt í stappi vegna þess að honum hefur eigi tekist að fá menntaða sjúkraþjálfara til starfa nema um skamman tíma í upphafi starfsemi sinnar. Þar með hefur stofnunin ekki getað uppfyllt sett skilyrði fyrir leyfi til reksturs endurhæfingarstöðvar. Sú leikfimi fyrir aldraða sem rekin hefur verið á vegum Heilsuræktarinnar nægir eigi til þess að kalla starfsemina endurhæfingu og það eigi heldur, þótt um hana sé notað hugtakið "fyrirbyggjandi endurhæfing", sem forsvarsmaður heldur mjög á lofti. Slíkur samsetningur hefur í sér fóligna þversögn sem eigi þarf að skýra nánar".

Með vissum skilyrðum undanþiggur 5. gr. laga nr. 73/1980 endurhæfingastöðvar fasteignaskatti. Það er álit nefndarinnar að til endurhæfingastöðva í skilningi þessa lagaákvæðis verði einungis taldar stöðvar, sem fengið hafa starfsleyfi samkvæmt 11. gr. laga nr. 41/1983, sbr. lið I í bráðabirgðaákvæðum sömu laga og enn fremur áður 5. gr. laga nr. 27/1970, og fullnægja þeim skilmálum, sem slíku leyfi fylgja.

Með bréfi félagsmálaráðuneytisins, dags. 5. ágúst 1976, var Heilsuræktinni veitt svofellt leyfi:

"Með skírskotun til 5. greinar laga nr. 27/1970 um endurhæfingu og að fengnum tillögum endurhæfingarráðs hefur ráðuneytið ákveðið að veita leyfi til þess að komið verði á fót endurhæfingarstöð fyrir Öryrkja hjá Heilsuræktinni að Álflheimum 74 hér í borg.

Leyfi þetta er bundið þeim skilyrðum að fullnægt sé ákvæðum nefndra laga um endurhæfingu svo og öðrum þeim kröfum sem á hverjum tíma eru gerðar til endurhæfingarstöðva fyrir Öryrkja."

Í bréfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins til fjárveitinganefndar, dags. 6. desember 1974, var fjallað um málefni Heilsuræktarinnar. Þar segir svo:

"Með vísun til bréfs Heilsuræktarinnar til ríkisstjórnarinnar frá 26.11.'74 þá vill þetta ráðuneyti fyrir sitt leyti mæla með því að á fjárlögum ársins 1975 verði styrkur til reksturs stofnunarinnar.

Jafnframt vill ráðuneytið upplýsa að Heilsuræktin hefur fengið leyfi til starfrækslu sjúkráþjálfunardeildar, þar sem teknir verða til meðferðar sjúklingar sem slíka meðferð þurfa samkvæmt læknisráði."

til

Í bréfi/fjárveitinganefndar, dags. 3. mars 1986, fjallar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið enn um starfsemi Heilsuræktarinnar. Þar segir:

"Með vísun til erindis yðar frá því í öndverðum febrúarmánuði s.l. upplýsir ráðuneytið að það er yður sammála um að endurhæfingarstarfsemi Heilsuræktarinnar í Glæsibæ, Reykjavík, falli undir lög nr. 41/1983 um málefni fatlaðra og þar með yfirstjórn ráðuneytisins.

Þessu til frekari staðfestu tilkynnist að ráðuneytið hefur gert tillögu um úthlutun 800 þús. kr. fyrir yfirstandandi ár úr framkvæmdasjóði fatlaðra, sem starfar samkv. áður nefndum lögum en úthlutun á sér stað síðar í þessum mánuði."

Loks liggur fyrir nefndinni bréf heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, dags. 30. júlí s.l. svohljóðandi:

"Með vísun til beiðni Heilsuræktarinnar, Glæsibæ, Reykjavík, staðfestir ráðuneytið hér með að leyfi Heilsuræktarinnar, Glæsibæ, til starfrækslu sjúkráþjálfunardeildar í húsakynnum stofnunarinnar að Álflheimum 74, Reykjavík, útgefið af ráðuneytinu 5. desember 1974, er í fullu gildi.

Enn fremur staðfestist að starfsleyfi/stofnunarinnar til reksturs endurhæfingarstöðvar fyrir Öryrkja á sama stað, útgefið 5. ágúst 1976 af félagsmálaráðuneyti er í fullu gildi en málefni slíkra

stöðva heyra undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti frá 1. janúar 1984, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra. Umsókn um endurnýjað starfsleyfi til reksturs endurhæfingastöðvar er til umfjöllunar í ráðuneytinu sbr. rómv. I í ákvæðum til bráðabirgða í áður nefndum lögum."


Samkvæmt síðastgreindu bréfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins hefur Heilsuræktin ekki hlotið starfsleyfi, svo sem áskilið er í gildandi lögum, sbr. 11. gr. og lið I í bráðabirgðaákvæðum laga nr. 41/1983. Gegn andmælum Reykjavíkurborgar hefur heldur ekki verið sýnt fram á, að Heilsuræktin hafi fullnægt skilmálum leyfisbréfs félagsmálaráðuneytisins frá 5. apríl 1976.

Samkvæmt því sem að framan hefur verið rakið, er það niðurstaða nefndarinnar, að eigi liggi fyrir fullnægjandi gögn um, að Heilsuræktin reki endurhæfingarstöð, sem uppfylli lagaskilyrði 5. gr. laga nr. 73/1980 fyrir undanþágu frá fasteignaskatti. Ekki verður heldur séð að önnur undanþáguákvæði 5. gr. eigi við í máli þessu.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Heilsuræktinni er skylt að svara fasteignaskatti af fasteign sinni að Álfheimum 74, Reykjavík.


Pétur Stefánsson


Gaukur Jónsson


Guðmundur Magnússon